

Endurrit úr fundargerðabók Héraðsskjalasafns Árneseinga

Fundur í stjórn Héraðsskjalasafns Árneseinga.

Fundur á Héraðsskjalasafni Árneseinga að Austurvegi 2 á Selfossi þann 21. mars 2023.

Fundur settur kl. 08:30.

Mætt: Gestur Þór Kristjánsson formaður, Brynhildur Jónsdóttir, Jón Bjarnason og Þorsteinn Tryggvi Mátsson héraðsskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Ársreikningur 2022.

ÞTM fer yfir ársreikning fyrir árið 2022. Rekstrartekjur eru alls kr. 55.051.907,- rekstrargjöld eru alls kr. 49.834.552,- fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru alls kr. 745.628,- rektarniðurstaða ársins er því jákvæð upp á kr. 4.471.727,- GPK, BJ og JB tóku til máls.

Stjórn samþykkir ársreikning og lýsir yfir ánægju sinni með rekstur safnsins.

2. Starfsáætlun 2023.

ÞTM kynnir starfsáætlun ársins 2023 og fer yfir verkefnastöðu safnsins. Fyrirspurnir og erindi það sem af er ári eru um 315, nýjar afhendingarnar eru 16 auk 18 afhendinga sem fá aðfanganúmer 1023 en þær voru ekki skráðar í aðfangabók á sínum tíma.

Farið yfir helstu verkefni ársins og samstarfsverkefni héraðsskjalasafnsins og nokkurra afhendingarskyldra aðila í héraði vegna tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum en minnst sex tilkynningar eru væntanlegar á árinu. Reikna má með afhendingum úr þessum gagnasöfnum árið 2027 eða 2028. Þá eru fyrirhugað að skoða skil á rafrænum gagnasöfnum án hirðis á þessu ári og næsta. Ljóst er að fjölgun um eitt stöðugildi breytir miklu hvað varðar stafræna vegferð sveitarfélaga og því hægt að tryggja hlítingu reglna, markvissari innleiðingu kerfa o.fl. Þetta nýja stöðugildi hefur bein áhrif á innleiðingu kerfa, skjalahald sveitarfélaga og þá á aðgengi íbúa í seinna meir að rafrænum gagnasöfnum um sveitarfélaga. Stjórn vill nota tækifærið og hrósa héraðsnefnd fyrir framsýni þegar kemur að stafrænni vegferð sveitarfélaga og stofnana þeirra í Árneseislu.

Öll héraðsskjalasöfnin hafa undirritað samstarfssamning vegna miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu og undirritaði héraðsskjalavörður einnig samstarfssamning við NEA sem er samstarfsvettvangur danskra sveitarfélaga um rafræn skil.

ÞTM leggur Ársskýrslu 2021, Stefnumótun Héraðsskjalasafns Árneseinga 2023-2028, samstarfssamning við NEA og skýrslu sem héraðsskjalavörður skrifaði ásamt Sólborgu Unu Pálsdóttur héraðsskjalaverði Skagfirðinga skrifuðu fyrir stýrihóp héraðsskjalavarda um rafræna skjalavörslu og varðveislu fram til kynningar. GPK, BJ og JB tóku til máls.

3. Húsnæðismál héraðsskjalasafnsins

Staða húsnæðismála safnsins tekin til umfjöllunar eftir auka fund Héraðsnefndar Árneseinga bs. fund og oddvita sveitarfélaganna. GPK og JB greina frá fundi oddvita og hugmyndum sem þar voru settar fram varðandi mögulega lausn á húsnæðismálum safnsins. Þá rætt um kröfur til húsnæðis skv. byggingareglugerð og þann kost sem nú er á borðinu. Stjórnsýsluleg staða Héraðsnefndar reifuð. Stjórn héraðsskjalasafnsins sammála um að húsnæðismál safnsins þurfi að leysa eins fljótt og kostur er. GPK, BJ, JB og ÞTM tóku til máls.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:50.

Gestur Þór Kristjánsson [sign]

Brynhildur Jónsdóttir [sign]

Jón Bjarnason [sign]

Þorsteinn Tryggvi Mátsson [sign]